



Stjórnarfundur FÍSOS 4. maí 2021, kl. 11:00 – 11:30

Mætt á Teams: Aníta Elefsen, Gunnþóra Halldórsdóttir, Hjörtur Þorbjörnsson, Ingibjörg Áskelsdóttir, Jón Allansson og Sigríður Þorgeirsdóttir. Fjarrverandi: Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Íslensku safnaverðlaunin 2022

- Aníta og Guðný Dóra hafa fundað með nefndinni og verið er að taka saman gögn frá fyrri nefndum til stunings nýrri nefnd.

Safnadagurinn 2021

- Kolbrún Ýr Einarsdóttir hefur verið ráðin sem verkefnastjóri safnadagsins og sér um öll kynningarmál dagsins fyrir hönd FÍSOS og ICOM.
- Fréttablaðið hafði samband við Anítu varðandi kálf. Stjórn ákveður að setja ekki fjármagn í kálf og leyfa Kolbrúna að ráðstafa fjármagni í kynningarmál safnadagsins.
- Aníta hefur samband við Kolbrúnu um að halda stjórninni upplýstri um gang mála við kynningu safnadagsins.
- Aníta hefur samband við Kolbrúnu um að fá texta fyrir heimasíðuna um safnadaginn 2021.

Heimasíða

- Ingibjörg og Sirrý áttu fund með Elínu hjá fyrirtækinu *Kommastrik*. Farið var yfir þarfir og óskir FÍSOS varðandi heimasíðuna.
- Elín sendi FÍSOS tilboð í vinnu við heimasíðuna.
- Stjórn samþykkir tilboð *Kommastrik*.

Farskóli 2021

- Farskólastjórn fundar reglulega.
- Komin drög að dagskrá farskólans.
- Gott væri að koma skráningu út fyrir sumarfrí/miðjan júní.

Kosning í stjórn á næsta aðalfundi

- Til kosninga koma embætti gjaldkera (Jón), ritara (Ingibjörg), varaformanns (Gunnþóra) og annars varamanns (Hjörtur).
- Þessir stjórnarmenn ætla að hugsa stöðuna.
- Stjórn hefur augu opin fyrir mögulegum nýliðum í stjórn.

Lagabreytingar

- Athuga með lagabreytingar fyrir næsta aðalfund varðandi tilkynningu framboða í stjórn til félagsmanna.